

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Skyggfir, L197781.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr, útihúsi auk gestahúss á þremur byggingarreitum. Samþykkt í sveitarstjórn 13. apríl 2021.

Deiliskipulag, Stórhólmi, L211525.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, reiðhöll og hesthús. Samþykkt í sveitarstjórn 9. febrúar 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.